

Tillaga að auglýsingu
**um verndarsvæði á Suðurlandi – vatnasvið Skaftár
í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar.**

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktunar nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, frá 15. júní 2022, að friðlýsa vatnasvið Skaftár: R3140A Búlandsvirkjun, í Skaftárhreppi gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Verndarsvæðið er 1.424 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda vatnasvið Skaftár: R3140A Búlandsvirkjun gegn orkuvinnslu, sbr. 1. gr.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á meðfylgjandi korti í viðauka I en nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Umhverfisstofnun. Friðlýsingin nær til alls vatnasviðs Skaftár ofan fyrirhugaðra stíflumannvirkja og meginfarvegur árið og næsta nágrennis hans til sjávar.

4. gr.

Mannvirkjagerð og orkurannsóknir.

Orkuvinnsla fallvatna með uppsett rafafli 10 MW eða meira innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar fallvatna með uppsett rafafli 10 MW eða meira. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

6. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu,

Guðlaugur Þór Þórðarson.